

17. OKTÓBER
2024

HARPA
ELDBORG

Mozart og Schumann

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu 30'

Hornkonsert 16'

Sinfónía 30'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Mozart og Schumann

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 17. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Tomáš Hanus

hljómsveitarstjóri

Stefán Jón Bernharðsson

einleikari

Béla Bartók

Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu (1937)

Andante tranquillo

Allegro

Adagio

Allegro molto

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart

Hornkonsert nr. 4 í Es-dúr, K 495 (1786)

Allegro maestoso

Romance – Andante cantabile

Rondo – Allegro vivace

Robert Schumann

Sinfónía nr. 4 í d-moll, Op. 120 (1841/1851)

Ziemerlich langsam – Lebhaft

Romanze, Ziemerlich langsam

Scherzo, Lebhaft

Langsam – Lebhaft – Schneller – Presto

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Tomáš Hanus

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Tomáš Hanus vakti fyrst athygli í Alþjóðlegu hljómsveitarstjórakeppninni í Katowice árið 1999 og er nú einn af fremstu hljómsveitarstjórum Tékklands. Hann fæddist í Brno í Tékklandi árið 1970 og nam við hina þekktu akademíu sviðslista, Janáček-akademíuna þar í borg. Hann hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Þjóðaróperunnar í Wales síðan haustið 2016 og strax eftir fyrstu tónleikana sem hann stjórnaði þar fékk hann lof upp á fimm stjórnur. Þar hefur hann meðal annars stjórnað hinni virtu einsöngvarakeppni Cardiff Singer of the World og óperunum *Rósariddaranum*, *Rakarinn í Sevilla*, *Jenúfa* eftir Leoš Janáček, *Carmen* og mörgum fleiri. Frá árinu 2017 hefur hann verið tíður gestastjórnandi við Ríkisóperuna í Vínarborg, þar sem hann hefur meðal annars stjórnað óperunum *Évgení Ónegin*, *Hans og Grétu* og *Jenúfa*. Hann hlaut virt verðlaun sem kennd eru við Janáček árið 2018 fyrir uppfærslu á óperunni *Úr húsi hinna dauðu* eftir Janáček og fyrir að flytja og kynna verk hans.

Hanus hefur stjórnað óperuuppfærslum við Bæheimsku ríkisóperuna í München, við Þjóðaróperuna í París og í júní á síðasta ári stjórnaði hann í fyrsta skipti í La Scala í Milánó þar sem *Rusalka* var sett á svið. Hann hefur stjórnað í Konunglegu dönsku óperunni, Konunglega leikhúsinu í Madríd, Grand Théâtre í Genf og mörgum öðrum merktum óperuhúsum. En hann hefur fleira á valdi sínu en óperur og hefur stjórnað mörgum þekktum hljómsveitum í Evrópu, Sinfóníuhljómsveitum Lundúna og Breska ríkisútvarpsins, Halle-hljómsveitinni, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín, Dresden Staatskapelle og fjölmörgum öðrum.

Tomáš Hanus stóð á sviðinu í Eldborg fyrir réttu ári þar sem hann stjórnaði áhugaverðum tvíkonert eftir Bohuslav Martinů, píanókonert nr. 27 K 595 eftir Mozart og áttundu sinfóníu Dvořáks en þess má geta að Hanus tekur við stöðu aðalgastastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands næsta haust og mun gegna því hlutverki starfsárin 2025-26 og 2026-27. Hann mun stjórna hljómsveitinni á tvennum tónleikum í Eldborg á hvoru starfsári.



Stefán Jón Bernharðsson

EINLEIKARI

Stefán Jón Bernharðsson, sem stígur á svið sem einleikari nú í kvöld er leiðari horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stefán Jón útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík með einleikarapróf vorið 1998 en kennari hans þar var Joseph Ognibene. Að því loknu stundaði hann nám við Tónlistarháskólann í Ósló þar sem Frøydís Ree Wekre var aðalkennari hans og útskrifaðist þaðan árið 2005. Stefán hefur verið fastráðinn meðlimur Sinfóníuhljómsveitar Ísland frá árinu 2000 og hefur tekið virkan þátt í tónlistarlífi hér á landi jafnt sem erlendis.

Stefán Jón er einn af fremstu hornleikurum sinnar kynslóðar og hefur verið eftirsóttur á erlendri grundu. Honum er reglulega boðið að vera gestaleiðari hjá erlendum hljómsveitum, hefur leikið með hinni þekktu Mahler-kammersveit, Fílharmoníu-hljómsveitunum í Stokkhólmi og Ósló og Sinfóníuhljómsveitum í Melbourne og Gautaborg, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og Fílharmoníuhljómsveit Franska útvarpsins í París, svo eitthvað sé nefnt. Á þessu ári hefur hann leikið með New York Fílharmoníunni og í La Scala óperuhúsinu.

Stefán Jón hefur auk þess komið fram sem einleikari, hann flutti *Hornkonsert* nr. 1 eftir Richard Strauss með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen árið 2021 og á Myrkum músíkdögum á þessu ári frumflutti hann hornkornsertinn *Norðurljós* eftir Áskel Másson. Stefán Jón hefur unnið fyrstu verðlaun í ConocoPhillips tónlistarkeppninni í Ósló, önnur verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni í Lieksa í Finnlandi og þriðju verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Città di Porcia á Ítalíu.



Béla Bartók

TÓNLIST FYRIR STRENGI, SLAGVERK OG SELESTU

Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu, eitt af þekktustu verkum tónskáldsins Béla Bartók (1881–1945), var samið árið 1936 og frumflutt árið eftir. Það var pantað í tilefni af þrjátíu ára afmæli Kammersveitarinnar í Basel af hinum þekkta stjórnanda Paul Sacher. Í verkinu má heyra úthugaða pólýfóníu, kraftmikil þjóðlagastef og dulúðuga næturtónlist þar sem skordýr og aðrar verur eru á sveimi.

Verkið er samið fyrir strengjasveit með hefðbundnum strengjahljóðfærum að viðbættri selestu og píanói, sem gegnir stundum hlutverki slagverkshljóðfæris. Að auki gefur að heyra fjölbreytt samsafn slagverkshljóðfæra.

Uppröðun hljóðfæraleikaranna er eftir forskrift tónskáldsins og er hugsuð út frá rétttri hjóðblöndun. Verkið hefst í víólum sem leiða okkur inn í flókinn pólýfónískan vef, hæga fúgu sem er samin í kringum nótuna A. Fyrsti kaflinn er aðallega fluttur af strengjahljóðfærum en selestan bætist við þegar stutt er eftir af kaflanum. Annar kaflinn er hraður og í tvískiptum takti sem breytist í þrískiptan í lokin. Bæði píanó og slagverk bætast þar við, þar spilar píanóið synkóperaða danstónlist og slagverkið undirstrikar áherslurnar. Hér má einnig heyra skemmtilegan hluta sem er plokkaður á strengi í danstakti. Þriðji kaflinn er hægur og dulúðug hljóð næturinnar eru hér áberandi. Pákurnar gegna mikilvægu hlutverki þar sem þær spila glissando með tækni sem var ný af nálinni þegar verkið var samið. Hér er sett fram flókið taktmunstur sem byggir á Fibonacci talnaröðinni. Fjórði kafli er hraður og fjörlegur og hér eru óreglulegur hrynur og ágeng þjóðlagastef alls ráðandi.

Einstakt andrúmsloft verksins hefur skipað því veglegan sess í heimi kvikmyndalistarinnar. Mörg stef úr verkinu hafa verið notuð í kvikmyndum, þar á meðal *The Shining* eftir Stanley Kubrick og *Being John Malkovich* eftir Charlie Kaufman og Spike Jonze og í tveimur þáttum af sjónvarpsseríunni *Doctor Who*. Verkið kemur auk þess fyrir í að minnsta kosti tveimur skáldsögum.



Þetta er í fyrsta sinn sem konsertinn er fluttur í heild á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar en hann var hljóðritaður árið 2000 í flutningi Stefáns Jóns Bernharðssonar með hljómsveitinni.

Wolfgang Amadeus Mozart

HORNKONSERT NR. 4 Í ES-DÚR, K 495

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi ótrúlegan fjölda verka þótt hann yrði ekki nema 35 ára gamall. Eftir hann liggja að minnsta kosti 800 verk af öllu tagi, einleiksverk, hljómsveitarverk og óperur, kórverk og einsöngslög, veraldleg sem trúarleg.

Konsert nr. 4 fyrir franskt horn var saminn fyrir Joseph Leutgeb, eins og hinir þrír hornkonsertarnir sem hann samdi. Leutgeb hafði þekkt Mozart þegar hann var barn að aldri og var vinur og samstarfsmaður föður hans, Leopolds, þegar hann starfaði í Salzburg. Síðar þegar báðir voru búsettir í Vínarborg styrktist vináttan þrátt fyrir talsverðan aldursmun. En Leutgeb var ekki aðeins vinur Mozart-fjölskyldunnar heldur einnig fremsti hornleikari sinnar tíðar og talið er að Joseph Haydn hafi líka samið sinn hornkonsert fyrir Leutgeb rúmum tveimur áratugum áður.

Konsertinn er saminn fyrir svokallað náttúruhorn, þ.e. án ventla. Tónhæð er stjórnað með munninum og Leutgeb var brautryðjandi í nýrri tækni þar sem hann notaði vinstri höndina sem er inni í bjöllumni, til að stjórna tónhæðinni og gat því spilað krómatíska skala, ekki bara náttúrutóna. Þetta gerði það að verkum að Mozart gat samið mun flóknari laglínur en áður hafði verið hægt. Hann var þó vel meðvitaður um bæði möguleika og takmarkanir hljóðfærisins á þessum tíma. Verkið er því hávirtúósiskt en það er líka fullt af húmor, ekki síst í hinum fræga og skemmtilega lokakafla. Kaflinn er saminn í kringum veiðistef sem byggir á þríundum og náttúrulegri tónaröð.

Mozart lauk við verkið árið 1786, á svipuðum tíma og hann samdi Brúðkaup Fígarós, sama ár og hann samdi heila þrjá píanókonserta, nr. 23, 24 og 25 og ári áður en óperan Don Giovanni var frumflutt.



Robert Schumann

SINFÓNÍA NR. 4 Í D-MOLL, OP. 120

Tónsmíðar Roberts Schumann (1810–1856) og einkalíf hans eru samofin og næstum ógerlegt að ræða tónsmíðarnar án þess að nefna samband hans við eiginkonu sína, píanóleikarann og tónskáldið Clöru Schumann. Clara fékk frumgerð verksins í 22 ára afmælisgjöf, um ári eftir að þau gengu í hjónaband. Þessi frumgerð var samin á aðeins fjórum dögum, á sama tíma og hann var að semja fyrsta kaflann í eina píanókonsertinum sem hann lauk við. Schumann hóf að semja sínfóníuna strax í kjölfar fyrstu sínfóníu sinnar sem hefur verið kölluð *Vorsínfónían* enda full af bjartsýni og gleði. Hún hlaut mikið lof og hann hófst því strax handa við þá næstu. Þegar hún var flutt í fyrsta sinn árið 1841 féll hún ekki í kramið hjá áheyrendum og Schumann ákvað að gefa verkið ekki út að svo stöddu heldur leggja það til hliðar. Clara mun hafa haldið því fram að sínfónían hafi aðeins verið uppkast á þeim tíma og að ekki hafi verið fyllilega lokið við að skrifa hana út fyrir hljómsveit. Johannes Brahms sem var náninn vinur þeirra beggja var ekki á sama máli og kaus sjálfur fyrri gerðina og gaf hana út í trássi við vilja Clöru árið 1891. Fyrri gerðin var léttari og á einhvern hátt gegnsærri og talsvert frábrugðin þeirri síðari sem yfirleitt er flutt. Schumann tók við stöðu tónlistarstjóra Düsseldorf í september árið 1850 og þar var sínfónía nr. 4 svo loks frumflutt í nýjum búningi árið 1851 undir stjórn hans sjálfs.

Höfundarverk Schumanns er óvenjulegt að því leyti að hann einbeitti sér að einu hljóðfæri eða formi í einu sem hefur verið tengt við manúástand enda er vitað að hann glímdi við geðrænar áskoranir, jafnvel geðhvarfasýki. Í fyrstu einbeitti hann sér að því að semja fyrir píanó, enda var hann píanóleikari í fremstu röð. Frá árinu 1840, þegar Robert og Clara gengu í hjónaband, eru svo langflest sönglög þótt einhver þeirra séu samin síðar. Sínfóníurnar eru allar samdar á tíu ára bili; fyrsta sínfónían og frumgerð þeirrar fjórðu voru frumfluttar árið 1841, sínfónía nr. 2 árið 1846, sú þriðja árið 1850 og endurgerð fjórðu sínfóníunnar árið 1851. Frá sama tíma eru forleikir, nokkrir konsertar og kammerverk.

Sinfónían er skrifuð fyrir stóra hljómsveit. Í upphafi fyrsta kafla er aðalstef hennar kynnt, sem er samsett úr fallandi stafi í d-moll og því sem hefur verið kallað Clöru-stefið sem byggir að einherju leyti á stöfunum í nafni hennar, C-H-Gís-A. Stefið tekur ýmsum breytingum í úrvinnslu þess en er þó alltaf þekkjanlegt. Kaflinn er því á sönötuformi þar sem aðallega er unnið úr tveimur stefnum. Annar kaflinn er hægur og syngjandi þar sem heyra má dúett óbós og sellós í byrjun og hér heldur Clöru-stefið áfram að skjóta upp kollinum þótt það hafi tekið nokkrum breytingum. Í þriðja kaflanum sem er scherzo-kaflinn birtist stefið enn á ný í upphafi hans. Fjórði kaflinn enduspeglar fyrsta kaflann að mörgu leyti, í upphafi er hann hægur og virðulegur og eins og hann sé lengi að taka við sér, en á eftir fylgir mun hraðari kaflinn og hann endar endar síðan á mjög áköfum og glaðlegum nótum.

Segja má að lokagerð fjórðu sinfóníunnar sé að mörgu leyti andstæða *Vorsinfóníunnar*, hún er mun þéttari og stærri í sniðum og með því að tengja kaflana fjóra saman er hún einnig mun sterkari heild en ella. Andstæðurnar í fyrstu og síðustu sinfóníunni eru því áberandi og undirstrika ákveðna þróun í lífi Schumanns og þroska hans sem tónskálds, þótt sumum hafi líkað betur við eldri gerð verksins. Sinfónían í endanlegri gerð er raunar langt á undan sinni samtíð þar sem segja má að tekið sé stórt stökk frá hinu hefðbundna klassíska formi og vísar veginn fram á við í þróun sinfóníunnar á nýklassíska skeiðinu.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Andrzej Kleina
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Laura Liu
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Kjartansdóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Justyna Bidler
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir

Vióla

Rita Þorfiris
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórhildur Magnúsdóttir
Kathryn Harrison
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Rafael Adobas
Caterina Compagno

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Paul Pitzek
Charlotte Rehm
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Selesta

Derek Wang

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördis Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

31.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Barokkveisla

Tónlistarfjársjóður barokktímans geymir fjölmarga dýrgripa en nokkur af sígrænum öndvegisverkum Vivaldis, Händels, Bachs og Corellis munu hljóma í þessari barokkveislu fluttri af strengjaleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sópransöngkonan María Konráðsdóttir sem hlotið hefur mikið lof fyrir bjarta, tæra og forkunnarfagra rödd samhliða fagaðri en tjáningarríkri túlkun syngur litríkar og leikandi árur úr óperum Händels. Á tónleikunum verða einnig flutt verk eftir Rameau auk miðaldaverksins O Frondens Virga eftir Hildegard von Bingen, en von Bingen stofnaði sitt eigið Benediktínaklaustur um 1150 þar sem hún samdi fjölda verka sem heillað hafa lærða og leika á seinni öldum.

Það er breski fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Peter Hanson sem leiðir hljómsveitina á þessum tónleikum. Hanson hefur um langt árabil helgað sig upprunaflutningi barokktónlistar og kemur víða fram með þekktum hljómsveitum, ýmist sem einleikari, konsertmeistari eða hljómsveitarstjóri – jafnvel allt þrennt í senn.

01.11

FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Ottensamer stjórnar blásarasveitinni

Á þessum föstudagstónleikum láta blásarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands ljós sitt skína í þremur ólíkum og hrífandi verkum fyrir blásarasveit. Tvö þeirra eru eftir Richard Strauss: Serenaða op. 7, sem Strauss samdi aðeins 17 ára, og Sonatina nr. 1 sem var samin meira en sex áratugum síðar. Þá var Richard Strauss var á áttræðisaldri og að jafna sig á alvarlegum veikindum en undirtitillinn „Af verkstæði vesalingsins“ vísar einmitt til þeirra aðstæðna. Verkið er uppfyllt af þokkafullri gamansemi, angurværð og andagift.

Oktett Ígors Stravinskijs fyrir blásara markar upphaf þess sem kallað hefur verið nýklassíska tímabil tónskáldsins, en þessi tónlistarlegi byltingarmaður tók óvænta beygju á ferli sínum og fór að finna frumlegum hugmyndum sínum farveg í fáguguðum formum klassíska tímans. Það er ekki síst heillandi togstreita hins gamla og nýja sem ljær þessu stórskemmtilega verki töfra sína.

Stjórnandi á tónleikunum er Andreas Ottensamer, leiðandi klarinettuleikari Fílharmoníusveitar Berlínar til margra ára, sem á síðustu árum hefur einnig getið sér gott orð sem hljómsveitarstjóri.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Yo-Yo Ma

YO-YO MA LEIKUR ELGAR | 24. OKTÓBER | UPPSELT
YO-YO MA OG KATHRYN STOTT | 26. OKTÓBER | KL. 20:00

Bandaríski sellóleikarinn Yo-Yo Ma er einn þekktasti núlifandi hljóðfæraleikari heims og koma hans til Íslands því sannkallaður stórviðburður í íslensku tónlistarlífi. Yo-Yo Ma leikur sellókoncert Elgars með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kemur einnig fram á sérstökum dúótónleikum með píanistanum Kathryn Stott.

Ekki láta þetta tækifæri fram hjá ykkur fara.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS